



Barnahelgi í Vatnsfirði

Um Verslunarmannahelgina verður haldin sannkölluð barnahelgi í Vatnsfirði. Boðið verður upp á sögustundir, náttúruskoðun fyrir börn, ratleik og lautarferð. Þá verða einnig farnar daglegar fjölskyldugöngur í Surtarbrandsgil. Í fræðslu sinni munu landverðir meðal annars fjalla um Gísla Súrsson, segja frá landnámsmanninum Hrafna-Flóka og kynna börnum á öllum aldri fyrir friðlandinu og náttúrvernd á svæðinu.

Dagskrá:



Föstudagurinn 3. ágúst

Klukkan 17.00-18.30: Náttúruskoðun með landverði í kjarrinu og fjörunni í kringum Hótel Flókalund fyrir hressa grunnskólakrakka 8 ára og uppúr

Laugardagurinn 4. ágúst

Klukkan 15.00- 16.00 Sögustund við Gíslahelli. Sögð verður sagan af Gísla Súrssyni og fá krakkarnir að fara í hellinn með vasaljós

❖ Í fylgd með foreldrum

Klukkan 17.00 (Gæti tekið klukkustund): Ratleikur! Hressir krakkar á öllum aldri fá að spreyta sig í að leysa gátur og lesa fróðleik um svæðið.

Sunnudagurinn 5. ágúst

Klukkan 15.00: Mælt er með að fjölskyldur skelli sér í lautarferð við Lómatjörn, landvörður mætir á svæðið og segir frá Hrafna-Flóka og hverju því sem fyrir augun ber.

❖ Í fylgd með foreldrum

Haldnar verða fjölskylduferðir upp í Surtarbrandsgil laugardag og sunnudag og er mæting fyrir framan Flakkarann (rauða sjoppa rétt hjá Brjánslæk) klukkan 11.00

❖ Í fylgd með foreldrum

Nánari upplýsingar hjá landverði í síma 822 4030

Fös kl. 17.00 Náttúruskoðun fyrir hressa grunnskólakrakka (miðað við 8 ára og uppúr). Á föstudeginum verður náttúruskoðun í kjarrinu og fjörunni í kringum Hótel Flókalund. Landvörður hittir krakkana á tjaldstæðinu fyrir ofan Hótel Flókalund klukkan 17.00. Genginn verður stuttur hringur og fylgt kindaslóðum í kjarrinu fyrir ofan Hótel Flókalund með blóma- og fuglahandbækur að vopni. Farið verður í átt að fjörupottinum og þaðan gengin fjaran tilbaka. Leiðin endar á neðra tjaldstæði Hótelsins, þar sem verður sest niður að göngu lokinni og spjallað um allt það sem fyrir augum bar. Landvörður fylgir krökkunum svo aftur upp á efra tjaldstæði og skilur við þau þar.

Mikilvægt er að börnin klæði sig eftir veðri og séu í góðum skóm. Landvörður skaffar blóma- og fuglahandbókina ásamt kíkí. Þó er öllum velkomið að koma með sín eigin tól, svo sem handbækur, kíkí eða stækkunargler.

Lau kl. 15.00. Sögustund við Gíslahelli. Gísli Súrsson var kappi mikill en var dæmdur í útlegð fyrir afbrot. Hann var á flóttu í 14 ár og dvaldi meðal annars í nágrenni Vatnsfjarðar. Eftir honum er nefndur hellir sem er í enda fjarðarins en talið er að hann hafi falið sig þar fyrir óvinum sínum. Sögð verður sagan af Gísla og bent á staði þar sem hann á að hafa falið sig. Krakkar á öllum aldri fá að klifra ofan í Gíslahelli sem er lítil og óvistleg hola, en gríðarlega góður felustaður.

Mikilvægt er að börn klæði sig eftir aðstæðum. Landvörður skaffar vasaljós en þó er velkomið að koma með sín eigin. Kjöríð er að slaka á og skoða sig um í fallettu umhverfi Hörqsness, taka með sér teppi og svalandi drykk. Það er líka aldrei að vita nema þið komið auqa á haförn úti á skerjunum!

Lau kl. 17.00. Ratleikur. Hressum krökkum á öllum aldri er boðið í ratleik á laugardeginum. Sett verða upp ílát á vel völdum stöðum í grennd við Flókalund. Hver vísbending leiðir mann að næsta stað og fá krakkarnir samtímis að fræðast um atburði sem gerst hafa í friðlandinu.

Mikilvægt er að börn klæði sig eftir veðri. Foreldrar, ömmur, afar, frænkur og frændur eru velkomin með.

Sun kl. 15.00. Lautarferð við Lómatjörn. Fjölskyldur og börn á öllum aldri eru hvött til að koma og njóta sín í einstöku umhverfi Vatnsdalsvatns. Við Lómatjörn og Vatnsdalsvatn er ýmiskonar fuglavarp og kjöríð að njóta þess að fylgjast þar með himbrímanum og Lómnum í rólegheitum. Landvörður verður á svæðinu með kíkí og fuglahandbókina og mun einnig fræða gesti um Hrafna-Flóka sem var landnámsmaður í Vatnsfirði.

Takið með ykkur teppi, nesti og góða skapið. Dreifið úr ykkur í rjóðrunum í kring og njótið einstakrar fjallasýnar og útsýnis.